

VOGABYGGÐ
HUGMYNDASAMKEPPNI
UMSKIPULAG

1 0 0 1 4

TÖFRAR UMBREYTINGA

Vogabyggð í miðri höfuðborg.

Byggja með
veðráttu

Skjólsæld,
formun
bygginga

Aðkoma

Aðgengi og
Vistvænar
samgöngur


Ofanvatns-
Vistvænar-
lausnir

Staðsetning
innan
höfuðborgar

Græn svæði,
opins væði,
útsýni

Afþreying
og
útivist





**„Líf, rými, hús - í þessari röð“
(Jan Gehl)**

Vogabyggð býr yfir einstökum eiginleikum. Hverfið er staðsett miðlægt á höfuðborgarsvæðinu, liggur vel við helstu samgönguæðum og nýtur mikilla náttúrugæða. Ennfremur, býr hverfið yfir töfrum umbreytingar. Vogabyggð er hverfi sem hefur á síðustu árum byrjað að þróast úr iðnaðarhverfi yfir í blandaða byggð. Því hefur hverfið á sér yfirbragð hins óvænta og inniber sambland grófleika og fínleika. Einmitt slík blöndun hefur getið af sér farsæla umbreytingu gamalla iðnaðar- og atvinnuhverfa víðsvegar um heim á síðustu áratugum. Skipulag Vogabyggðar snýst um endurskilgreiningu eldri byggðar samhliða metnaðarfullri uppbyggingu til framtíðar. Þannig snýst skipulagið um að fóstora enn frekar þá töfra umbreytingar sem þegar hafa gert vart við sig í Vogabyggð og tengjast aðliggjandi náttúruperlum á afgerandi hátt.




Markmið tillögunnar er að skapa staðaranda sem endurspeglar fjölbreytilegt borgarumhverfi og tengingu við náttúru Elliðavogs. Í Vogabyggð er núverandi byggð endurbætt og lögð áherslu á góða upplifun í útirýmum, mannlegan mælikvarða, sólrík og skjólgóð svæði þar sem gott mannlíf fær að dafna.






Leiðarljós:

- 1 Mynda heilstætt, þétt og fjölbreytt byggingarsvæði, sem hefur tengingu við nærliggjandi byggt umhverfi, náttúruna, sjóinn og fjallahringinn. Skapa þannig eigin staðaranda.
- 2 Móta samgöngunet sem gerir öllum samgönguháttum jafnt undir höfuð, en tengir um leið skipulagið við fyrirhugaðan vistvænan samgönguás.
- 3 Skapa aðlaðandi borgarumhverfi í mannlegum mælikvarða þar sem almenningsrými, torg, leiksvæði og vistleg dvalarsvæði njóta sólar og skjóls og upphefja þannig upplifanir.
- 4 Þróa vistvænt hverfi þar sem lögð er sérstök áhersla á vistvæna samgöngumáta, heilsu og vellíðan íbúa, vistleg útirými og byggðamynstur, flokkun úrgangs, hreinsun frárennslis, sjálfbærar ofanvatnslausnir, orkusparnaðar og vistvænar byggingaraðferðir

Skýringar





Tillagan

Samfélag Vogabyggðar verður blönduð byggð fjölbreytilegra húsa, borgargatna og garðrýma í beinum tengslum við nærliggjandi náttúru. Sérstök rækt er lögð við að skapa fjölbreytta íbúðabyggð með áherslu á litlar og meðalstórar borgaríbúðir. Ennfremur er gert ráð fyrir að sem mest af verslun og þjónustu við Vogabyggð verði í viðunandi göngufjarlægð. Auk verslunar og þjónustu má sjá fyrir sér ýmis konar starfsemi innan svæðisins svo sem menningarstarfsemi, aðstöðu tengda íþróttum og útivist og aðstöðu fyrir vatnaíþróttir í tengslum við smábátahöfnina. Gert er ráð fyrir að hluti núverandi byggingar standi áfram, en aðra víki fyrir nýbyggingum.

Miðað er við að núverandi gatnakerfi haldist að mestu. Ásýnd-yfirborðoggöturými verði þó endurgerð og borgargötur mótaðar innan hverfis. Dregið verði úr umferðarhraða og umferðaröryggi aukið ásamt því að fegra göturými með götugögnum, trjám og gróðri ásamt bættri lýsingu. Í borgargötunum er gert ráð fyrir tvístefnuakstri, gangstéttum og bílastæðum, ásamt hjólaakrein þar sem því verður við komið. Gert er ráð fyrir að Strætó aki um Súðarvog auk þess að meginbiðstöð við fyrirhugaðan þróunarás verður við suðurhluta Vogabyggðar.

Endanlega bílastæðapörf fyrir Vogabyggð verður metin út frá áherslum borgaryfirvalda um vistvæna samgöngumáta, en að sinni er gert ráð fyrir einu bílastæði fyrir hverja íbúð, auk stæða fyrir atvinnuhúsnæði. Gert er ráð fyrir bílastæðum meðfram götum og á sérstökum bílastæðum innan lóða. Hluti bílastæða fyrir nýjar byggingar verður í neðanjarðar bílageymslum til þess að ná ákjósanlegum þéttleika byggðarinnar.



Um suðurhluta svæðisins liggja megin göngu – og hjólréiðastígar frá Grafarvogi og Ellidáárdal og áfram meðfram Suðurlandsbraut og Sæbraut til miðborgarinnar. Gert er ráð fyrir sérstökum áningastað við suðurenda Súðavogar þar sem að þessar leiðir mætast.

Tillagan er sveigjanleg með tilliti til byggingarmagns. Gert er ráð fyrir að um 20 þúsund fermetrar húsnæðis víki fyrir nýrri byggð. En mögulegt er að bæta við um 60-80 þúsund fermetrum í staðin.

Fjöldi íbúða verður a.m.k 400 og geta hugsanlega orðið fleiri.

Til þess að jafna út vatns og sjávarstöðu vogarins neðan Háubakka er má nota vistvænar ofanvatnslausnir til þess að veita vatni frá byggðinni í voginn auk þess að veita vatni um stökk úr vestari ál Elliðaáa um stökk þar sem stýra má vatnsflæðinu.



Innra skipulag Vogabyggðar

Samnefnari skipulagsins er að tengja núverandi byggð, nýja byggð, götur, göngu – hjólréiðaleiðir, torg, útisvæði og gróður, saman í heildstæða mynd þar sem að tenging við náttúru Elliðavogs og nánasta umhverfis fá notið sýn.

Innra skipulag Vogabyggðar skiptist í **fjögur** lög sem samtvinna lykilþætti skipulagsins. Lögin **fjögur** eru römmuð inn með afgerandi **pólum**, eða áherslusvæðum til norðurs og suðurs.

Stangir



1) Byggðin næst Sæbraut og að Dugguvogi, myndar **stangir**, nokkurs konar afmörkun og hljóðvörn gagnvart nýrri íbúðabyggð og innra hverfi Vogabyggðar. Byggðin teygir sig niður Skeiðarvoginn. Lagt er til að byggðin þar verði að stórum hluta endurnýjuð og breytt. Húshæðir verði 2-6 hæðir. Hluti núverandi starfsemi, sem fellur að breyttri mynd Vogahverfis, verði áfram og einnig komi þar ný fjölbreytt atvinnustarsemi. Þar mætti til dæmis stuðla að uppbyggingu sprotafyrirtækja. Bílastæði eru í götu, á lóðum og að hluta undir húsum. Í framhaldi **stanganna** til suðurs er gert ráð fyrir að núverandi byggingar víki fyrir frekari atvinnustarfsemi; verslun þjónustu og skrifstofuhúsnæði í byggingum sem verða kennileiti; syðri **póll** hverfisins. Þessi **póll** er áherslusvæði Vogabyggðar og tengist væntanlegum þróunarás frá Örfisey að Keldum. Þarna yrði meginstoppistöð fyrir strætisvagna til framtíðar.

Lokaðir reitir



2) Núverandi byggð austan Dugguvogar og við Knarravog að Súðarvogi heldur sér að stórum hluta með endurbótum og breytingum. Þessi **lokaði reitur** verður áfram blönduð byggð með áherslu á íbúðir á efri hæðum. Svæðið á milli Dugguvogar og Súðavogar til norðurs hallar talsvert til austurs. Þar verða **lokaðir reitir** með nýja, blandaða 2-4 hæða byggð með verslun, kaffihúsum, smásölum og annarri starfsemi á jarðhæð. Á efri hæðum er gert ráð fyrir skrifstofum og íbúðum. Á milli bygginganna myndast skýrt afmarkaðir, skjólgóðir og sólríkir garðar. Bílastæð eru í götum og undir húsum og görðum sem stallast niður brekkuna til austurs.


1. Stöng
- a. Stöngin er hugsuð sem skrifstofu og verslunarhúsnæði 2-6 hæðir
- b. Stöngin er í senn hljóð- og vindmúr

Stangir




2. Lokaður reitur
- a. Blandaður reitur þar sem íbúðar- og verslunarhúsnæði eru 2-4 hæðir
- b. Innan reita eru almenningssvæði þar sem torg, leiksvæði og vistleg dvalarsvæði njóta sólar og skjóls.

Lokaðir reitir



Opnir reiti



3) Austan Súðarvogar er gert ráð fyrir að stór hluti skemmubygginga víki en hugsanlegt er að hluti húsa standi áfram. Þó munu útlit og hlutverk þeirra breytast. Þessi hluti byggðarinnar teygir sig að Elliðavogi og eru form húsa og útirýma frjálssari. Þau mynda **opna reiti**. Þar er megin uppistaðan 2-6 hæða hús, íbúðir ásamt ýmis konar verslun og starfsemi á jarðhæðum þeirra bygginga sem snúa beint að Súðavogi. Hæsta byggðin er til norðurs til að mynda skjól og til að nýta afstöðu til sólar sem best. Bílastæði eru ýmist í götum, á lóð eða í bílakjöllurum undir húsum og görðum.

Náttúrminjar svæðisins; Háubakkar eru niður að voginum. Gert er ráð fyrir göngutengingu ofan þeirra á palli sem teygja sig út yfir bakkann að hluta og umhverfis innsta voginn að smábáthöfninni og á göngubrú brú yfir á Gelgjutanga. Þannig verður til virk innri gönguleið innan Vogabyggðar með tenginu við megingöngustígakerfi borgarinnar. Í framhaldi af Kleppsmýrarvegi og út á Gelgjutanga er einnig gert ráð fyrir íbúðabyggð sem myndi rísa hæst í 6 hæðir úti á tunganum en það kennileiti myndar nyrðri **pól** Vogabyggðar.

Útivistarsvæði og/eða smágerð byggð




4) Í tengslum við smábátahöfnina við Naustavog er gert ráð fyrir **útivistarsvæði** þar sem mögulegt er að byggja upp frekari aðstöðu fyrir vatnaíþróttir auk borgargarðs. Reikna má með að smábátahöfnin geti stækkað, umhverfi hennar snyrt til og höfnin og hlotið aukið vægi í borgarmyndinni. Þar má til dæmis hugsa sér veitingastað.

Auk þess er bent á möguleika á **smágerðri byggð** í tveggja hæða raðhúsum við Naustavog. Fíngerð raðhúsabyggð gæti tengst voginum og smábátahöfninni með göngustíg.

Smágerð byggð

Valkostur



3. Opinn reitur
 - a. Blandaður reitur þar sem í 2-6 hæða búðar- og þjónustuhúsnæði eru
 - b. Innan reita eru almenningsvæði þar sem torg, leiksvæði og vistleg dvalarsvæði njóta sólar og skjóls
4. Smágerð byggð
 - a. Útivistarsvæði með áherslu á sjósport
 - b. Reitur sem tengist smábátahöfninni, 2 hæða íbúðarbyggð sem er í nánu samspili með náttúru og þeirri fjölbreytni sem staðsetningin býður uppá.

Opnir reiti



Útivistarsvæði



Skýringar



Ofanvants lausnir



Fjölbreytt nærumhverfi



Götumynd



Sjósport



Náttúran og mannlíf



Fjölbreytileiki




Vistvænar samgöngur



Tengin við sjóinn





Snið A:A

Vistvæn nálgun skipulags, viðurkennt matskerfi

Lagt er til að nota viðurkennt umhverfissvottunarkerfi fyrir skipulag s.s. BREEAM Communities sem viðmið við frekari úrvinnslu á skipulagi byggðarinnar eftir því sem hægt er. Þannig mætti nota skipulag Vogabyggðar sem dæmi um vistvæna byggð í anda áherslna í aðalskipulagi Reykjavíkur um vistvænar áherslur í framtíðarskipulagi borgarinnar.

Borgin við Sundin

Þétt blönduð byggð í manneskjulegum mælikvarða þar sem að íbúðir, skrifstofur, verslun og þjónusta samtvinnast við sjávarsíðuna og vögginn. Borgarmiðað gatnakerfi og áhersla á vistvæna ferðamáta. Tenging við þróunarárs frá Örfisey að Keldum, Elliðavogur er þar mikilvægur.

Skapandi borg


Viðhalda hluta þeirrar starfsemi sem fyrir er og skapa vaxtarskilyrði fyrir nýjar atvinnugreinar. Fjölbreytt atvinnulíf í bland við íbúðir og þjónustu. Góð umferðatenging við megingatnakerfi og miðlæg lega innan höfuðborgarsvæðisins ásamt tengslum við fyrirhugaðan þróunarárs eru mikilvægir þættir.

Græna borgin

Þétting byggðar og blöndun byggðamynsturs ásamt tengslum við Elliðavog og Elliðaárdal styðja við gott borgarlíf og stuðlar að bættri lýðheilsu. Aukin ásýnd á innri garða, grænalmenningsvæði og bætt ásýnd borgarrýma með trjám og gróðri bæta umhverfið í takt við vistvænar áherslur. Háubakkar, náttúrumínjar svæðisins verða varðveittar.

Núverandi byggð og staðsetning hennar

Svæðið hefur byggst uppsemiðnaðarsvæði, en er að breytast í átt til blandaðrar notkunar. Svæðið er hluti af þróunarsvæði beggja vegna Elliðavogar. Staðsetning svæðisins er nálægt þungamiðju höfuðborgarsvæðisins og því miklir aðlögunarmöguleikar til staðar til betri mótunar byggðar.



Snið B:B

Framtíðarsýn

Meginmarkmið við endurnýjun Vogabyggðar er að bæta mannlíf og lífsgæði þannig að fólk og fyrirtæki telji staðinn vænlegan og gera hann áhugaverðan og raunhæfan fyrir fjárfesta og framkvæmdaaðila. Styrkur Vogabyggðar einkennist af aðlögunarhæfni, framsýni og lífsgæðum.

Í tillögu þessari er horft á mögulega heildarmynd Vogabyggðar til framtíðar og lagðar meginlínur. Þar er því horft að einhverju leyti fram hjá staðsetningu og á ástandi nokkurra af núverandi byggingum á svæðinu sem vel gætu snýst áfram með breytingum, en miðað við að aðrar byggingar hverfi. Stöðu einstakar bygginga þarf síðan að skoða betur í framhaldsvinnu skipulagsins. Einnig hefur verið horft að hluta til fram hjá núverandi lóðamörkum innan svæðis við gerð heildarmyndar fyrir Vogabyggðina.

Byggðarmynstur

Afstaða til sólar, vinda og skuggamyndunar ásamt innra loftslagi stýra mikilvægum lykil þáttum í hönnun, formun og útliti nýbygginga á svæðinu. Stöllum bygginga í hæð gerir það að verkum að útsýni, afstaða til sólar og skjól verða með besta móti.

VOGABYGGÐ
HUGMYNDASAMKEPPNI
UM SKIPULAG

1 0 0 1 4

TÖFRAR UMBREYTINGA

**Vogabyggð í miðri
höfuðborg.**